

1793

Fimmtudaginn 23. maí 1996.

Nr. 10/1995.

Einar B. Guðmundsson

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Guðmundi Frey Halldórssyni

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

Skaðabótamál. Bifreiðir. Líkamstjón. Læknaráð. Meðdómendur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1995. Hann krefst aðallega ómerkingar héraðsdóms og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann 8.000.000 króna með vöxtum, eins og greinir í héraðsdómi, frá 12. júní 1979 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 26. september 1995, þar sem stefnda er að kröfu lögmanns áfrýjanda synjað um öflun gagna um veru áfrýjanda í skóla barna- og unglingageðdeildar við Dalbraut. Áfrýjandi mun samkvæmt gögnum málsins hafa sótt skólann vegna námserfiðleika. Úrskurður þessi var ekki kærður til Hæstaréttar, og verður við hann að una.

Af hálfu áfrýjanda hefur verið lagður fram nýr útreikningur á örorkutjóni, sem gerður var af Jóni Erlingi Þorlákssyni tryggingafræðingi 7. maí 1996.

I.

Krafan um ómerkingu héraðsdóms er í fyrsta lagi reist á því, að þar sé einungis tekin afstaða til þess, hvort greindarskerðing og lestrarvandi áfrýjanda eigi rætur að rekja til slyssins. Ljóst sé og

óumdeilt, að áfrýjandi hafi orðið fyrir fleiri áverkum, enda hafi hann höfuðkúpubrotnað og legið á sjúkrahúsi eftir slysið. Engin afstaða sé til þess tekin, hvort bæta eigi þetta tjón. Í annan stað er krafan á því byggð, að hinir sérfróðu meðdómsmenn hafi lagt sjálfstætt og sérfræðilegt mat á afleiðingar slyssins, sem stangist á við þau fræðilegu gögn, sem fyrir þeim lágu. Þetta hafi þeir gert án þess að skoða eða ræða við áfrýjanda öðruvísi en í rétti. Í héraðsdómi sé því haldið fram, að hvorki Gylfi Ásmundsson sálfræðingur né Jónas Hallgrímsson læknir hafi haft upplýsingar um ólæsi áfrýjanda og lestrarörðugleika fyrir slysið. Hvorugur þeirra hafi komið fyrir dóm, og byggji því héraðsdómarar eingöngu á ágiskunum um þetta atriði.

Fallast má á það með áfrýjanda, að taka hefði átt skýra afstöðu til afleiðinga slyssins í heild og að nánar hefði átt að ganga eftir því við sálfræðinginn og lækinn, hvaða upplýsingar þeir höfðu. Hins vegar er þess að gæta, að slys þetta varð 12. júní 1979 og málinu var ekki stefnt til héraðsdóms fyrr en 9. júní 1989. Ekki er talið, að um tíma-bundna örorku hafi verið að ræða, og váttryggingarfélag það, sem ábyrgðartryggði bifreið stefnda, greiddi 12. júní 1989 áfrýjanda váttryggingarfjárhæðina með vöxtum og kostnaði. Má því líta svo á, að hér sé verið að sækja um frekari bætur, sem tæpast geta verið í öðru fölgnað en því, er héraðsdómur tók til meðferðar. Þá er þess að gæta, að af hálfu áfrýjanda var stefnda synjað um frekari gagnaöflun eftir uppsögu héraðsdóms, svo sem að framan er rakið. Þær upplýsingar, sem þar var beðið um, hefðu ásamt frekari umsögnum frá þeim sérfræðingum, sem skoðuðu áfrýjanda, og sérstakri rannsókn taugasálfræðings getað orðið grundvöllur nýrrar meðferðar í héraði. Áfrýjandi hefur nú samkvæmt upplýsingum lögmanns hans lent í nýju bifreiðarslysi og slasast alvarlega á höfði, og er því ekki ljóst, að nýjar rannsóknir geti varpað frekara ljósi á málið. Þegar til þessa er lítið og hins langa tíma, sem liðinn er frá slysinu, þykir verða að leggja dóm á málið eins og það liggur fyrir.

II.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að það hafi verið óvarlegt af stefnda að líta ekki aftur í bifreið sína, áður en hann ók af stað, og aðgæta, hvort fullyrðingar barnanna um veru áfrýjanda þar ættu við rök að styðjast. Á hann því sök á tjónsatburðinum samkvæmt al-

mennu sakarreglunni, sbr. 3. mgr. 69. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968. Hins vegar ber hann ekki ábyrgð á slysinu samkvæmt 67. gr. þeirra laga, þar sem samkvæmt 2. mgr. greinarinnar gildi hún ekki um slys eða tjón á mönnum eða munum, er ökutækið flutti, væri ekki flutt gegn gjaldi. Áfrýjandi var á níunda ári, þegar slysið varð. Þykir honum með tilliti til ungs aldurs ekki verða gefin sök á slysinu.

III.

Við slysið 12. júní 1979 hlaut áfrýjandi slæman heilahristing og sprungu vinstra megin á höfuðkúpu og var lagður inn á gjörgæsludeild. Degi síðar var hann fluttur yfir á almenna legudeild og var þar í tvo sólarhringa. Hann var útskrifaður af sjúkrahúsinu 15. júní. Í vottorði Bjarna Hannessonar, yfirlæknis heila- og taugaskurðlækningadeildar Borgarspítalans, sem rakið er í héraðsdómi, segir, að hann hafi þá verið eðlilegur, ekki haft höfuðverk, ógleði eða uppköst og engin neurologísk brottfallseinkenni. Honum hafi verið vísað til heimilislæknis til frekara eftirlits, en jafnframt hafi verið lögð á það áhersla við foreldra hans, að þeir hefðu samband við deildina, kæmu einhver einkenni fram. Það hafi ekki orðið.

Samkvæmt gögnum málsins er það síðan ekki fyrr en 3. september 1985, að leitað var til Sveins Más Gunnarssonar, sérfræðings í barnalækningum, vegna áfrýjanda. Í vottorði Sveins 30. september 1988 hefur hann eftir móður áfrýjanda, að hann hafi náð sér nokkuð vel eftir slysið. Þar kemur einnig fram, að skólaganga hans hafi alltaf verið brösótt, og hafi hann átt erfitt með nám og haldist lítt við það. Hann var ekki orðinn læs í september 1985, enda þótt hann hefði notið sérkennslu. Sveinn virðist hafa skoðað drenginn vandlega og segir í vottorði sínu, í hverju skoðunin var fólgin. Niðurstaða Sveins var sú samkvæmt vottorði hans, að ekki væri óyggjandi, hver væri ástæða fyrir vanda drengsins. Þótt ekki væri óeðlilegt að ætla, að höfuðáverki hans 1979 ætti þarna einhverja sök, væri ekki hægt að fullyrða það. Benti hann á, að komast mætti nær sanni um þetta með nákvæmri taugasálfræðilegri könnun. Eftir þessa skoðun hlutaðist Sveinn til um frekari vinnu í skólanum og með höfuðáherslu á lestrarkennslu. Þetta mun hafa verið gert, en ekki borið tilætlaðan árangur.

Áfrýjandi var skoðaður af Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi haustið 1988. Segir Gylfi í álitsgerð 7. október það ár, að Jónas Hallgrímsson læknir hafi vísað piltinum til sín í sambandi við örorkumat. Í álitinu greinir, að áfrýjandi hafi gengið í skóla fram að 8. bekk, fyrst í Fellaskóla í Reykjavík, en í eitt ár eftir slysið í skóla barnageðdeildar við Dalbraut og frá 12 ára aldri í Mosfellssveit. Honum hafi gengið mjög illa eftir slysið og ekki lokið grunnskóla. Niðurstöður Gylfa eftir sálfræðileg próf á piltinum eru þær, að hann sé að eðlisfari vel greindur og verkleg greind sé langt yfir meðallagi. Hins vegar komi fram mikil og greinileg truflun á munnlegri (verbal) greind, sem mælist við mörk vangefni. Truflanir þessar virðist bundnar við skilning hans á orðum og hugtökum. Minnisvidd sé einnig mjög lítil. Þetta hafi hindrað greindarfarslegan þroska hans í víðara samhengi og komið í veg fyrir skólanám. Í vottorðinu kemur fram, að frekari athugun með taugasálfræðilegum prófum þyrfti að gera, ef greina ætti nákvæmar, í hverju erfiðleikar hans felast.

Jónas Hallgrímsson læknir mat síðan örorku áfrýjanda, og segir í niðurstöðu hans m. a.: „Eftir því sem næst verður komist, hefur greind Einars stöðvast nálægt á þeim aldri, sem slysið varð 1979. Sálfræðileg rannsókn Gylfa Ásmundssonar bendir til vefrænna skemmda, og er munnleg greind hans nú við mörk vangefni. Rannsóknir og kannanir á högum hans fyrir og eftir slys benda ekki til annars en þess, að um sé að ræða afleiðingar slyssins, enda kom fram, að höfuðkúpubrotið var vinstra megin, og vefrænar skemmdir í heila benda til þess svæðis í heilanum.“ Jónas mat síðan örorkuna 75% varanlega frá og með slysdegi. Ekki kemur fram, hvaða kannanir það eru, sem Jónas vitnar til og eiga að hafa verið gerðar á högum pilsins fyrir slysið. Örorka áfrýjanda var metin 65% af embætti tryggingayfirlæknis 25. apríl 1989. Samkvæmt upplýsingum lögmanns áfrýjanda hefur áfrýjandi haft atvinnu og því hafi bætur til hans frá Tryggingastofnun verið skertar. Skattframtöl áfrýjanda liggja ekki fyrir réttinum. Áfrýjandi hafði, þá er hann varð fyrir slysinu, lokið 8 ára bekk grunnskóla. Af fram lögðum einkunna-blöðum er ljóst, að hann hefur þá enn verið með öllu ólæs, ekki fylgst með í lestri og unnið hægt. Eftir slysið er sagt, að hann vinni lítið og hægt og treysti sér lítið.

Máli þessu var vísað til Læknaráðs með úrskurði héraðsdóms 21.

mars 1990. Álit þess er rakið í héraðsdómi. Þar er þess getið, að upplýsingar um skólagöngu áfrýjanda gefi ekki tilefni til að ætla, að örorka hans stafi af „andlegum eða tilfinningalegum misþroska“ fyrir slysið. Sagt er, að ekki verði fullyrt, að örorka hans sé afleiðing slyssins 12. júní 1979, en það sé þó mjög líklegt samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Þar er vitnað til áverkavottorðs Bjarna Hannessonar og álits Gylfa Ásmundssonar og loks fallist á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar.

Við upphaf aðalflutnings í héraði 15. febrúar 1993 voru kvödd sem sérfróðir meðdómendur dr. Sigurður Thorlacius taugalæknir og dr. Púriður Jónsdóttir taugasálfræðingur. Þau virðast hafa til að bera þá sérþekkingu, sem Sveinn Már og Gylfi benda á í áðurgreindum umsögnum. Í héraðsdómi er lagt mat á það misræmi, sem var á milli munnlegra og verklegra þátta greindar áfrýjanda samkvæmt sálfræðiprófum þeim, sem Gylfi Ásmundsson lagði fyrir hann. Álit taugasálfræðingsins, sem dóminn skipaði, á þessu misræmi er ýtarlega rakið í dóminum. Bent er á þá umsögn Gylfa, að enginn vafi geti leikið á því, að hinn mikli munur á munnlegri og verklegri greind stafi af vefrænum truflunum eða sköddun í heila. Telur dómurinn þessa fullyrðingu í fullu samræmi við rannsóknir á dyslexíu (lesblindu). Hún styðji hins vegar ekki þau ummæli Jónasar Hallgrímssonar í örorkumatinu, að andlegur þroski áfrýjanda hafi stöðvast við slysið og að skólaganga hans hafi síðan verið árangurslítil. Niðurstaða dómsins er sú, að ekkert hafi komið fram um það, að námsörðugleikar áfrýjanda eða önnur þroskafrávik hans verði rakin til slyssins 12. júní 1979, heldur hafi þessir þættir verið til staðar fyrir slysið. Þá er það álit héraðsdóms, að af röntgenmyndum, heilalínuritum og öðrum rannsóknum fyrst eftir slysið og síðar verði ekki merkt, að um heilaskaða sé að ræða.

IV.

Í málinu liggja ekki fyrir önnur gögn um andlega færni áfrýjanda fyrir slysið en ljósrit úr einkunnabókum hans frá Fellaskóla. Ástand áfrýjanda var samkvæmt vottorði Bjarna Hannessonar eðlilegt, þá er hann útskrifaðist af sjúkrahúsi eftir slysið. Upplýsingar þetta varðandi eftir slysið eru fyrst frá árinu 1985 í vottorði Sveins Más Gunnarssonar læknis. Ekki var aflað upplýsinga frá skóla unglinga-

og barnageðdeildar við Dalbraut, þótt þeirra væri krafist af hálfu stefnda í héraði og aftur eftir héraðsdóm. Þrátt fyrir ábendingar Sveins Mús og Gylfa Ásmundssonar fór ekki fram taugasálfræðileg könnun á áfrýjanda. Verður á það að fallast með héraðsdómi, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að ekki séu fram komnar nægar sannanir fyrir því, að skert munnleg greind áfrýjanda stafi af slysinu. Ekki verður talið, að um annað óbætt tjón sé að ræða. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Áfrýjandi tók sér ekki far með bifreið stefnda, heldur var hann þar niður kominn fyrir slysi, þegar stefndi ók úr stað. Ber að fallast á það með héraðsdómara, að ábyrgðarregla 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hafi átt við um tjón áfrýjanda af því að forða sér út úr bifreiðinni. Að auki mátti rekja slysið til gáleysis af hálfu stefnda, sbr. 3. mgr. 69. gr. laganna. Hins vegar verður áfrýjanda ekki gefin sök á því, eins og atvikum var háttað.

Að öðru en þessu er ég samþykkur forsendum og niðurstöðu annarra dómenda.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar sl., hefur Einar Björn Guðmundsson, kt. 301270-3649, Barrholti 35, Mosfellsbæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 9. júní 1989, á hendur Guðmundi Frey Halldórssyni, kt. 110641-2069, Faxatúni 16, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 8.000.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að dómkröfur verði lækkaðar stórlega.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri

málskostnaðarfjárhæð vexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 með áorðnum breytingum frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að 12. júní 1979 kom stefndi, sem er bifreiðarstjóri að atvinnu, að húsinu nr. 25 við Torfufell í Reykjavík í bifreið sinni, R-21143, sem var sendibifreið af gerðinni Bedford. Börn voru að leik við húsið, og var stefnandi, Einar Björn, þá átta ára að aldri, þar á meðal. Er stefndi hafði tekið varning úr bifreiðinni og brugðið sér frá, munu börnin hafa tekið leikhring Einars Björns og kastað honum inn í flutningshús bifreiðarinnar. Einar Björn fór þá inn í húsið, og lokuðu börnin þá húsinu og læstu. Þegar stefndi kom aftur, sögðu börnin honum, að drengur væri lokaður inni í bifreiðinni. Stefndi ók þó af stað án þess að kanna sannleiksgildi þess, og kveðst hann ekki hafa tekið mark á því, sem börnin sögðu. Stefndi, Einar Björn, mun hafa farið að öskra og berja í glugga, sem var milli vöruhússins á bifreiðinni og bílstjóra hússins. Síðan fór hann að afturhurðinni, tókst að opna dyrnar og komast út, en við það féll hann á götuna. Stefndi kveðst skömmu síðar hafa fengið þá hugmynd, að einhver væri aftur í bifreiðinni. Hann stöðvaði bifreiðina og gekk aftur fyrir hana. Kveðst hann þá hafa séð drenginn liggja um það bil tvo metra fyrir aftan bifreiðina.

Við fallið hlaut stefnandi slæman heilahristing og sprungu í höfuðkúpu. Var hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans og síðan lagður á gjörgæsludeild til eftirlits. Hann útskrifaðist af sjúkrahúsinu þremur dögum síðar. Í vottorði Bjarna Hannessonar, yfirlæknis heila- og taugaskurðlæknadeildar spítalans, dags. 12. 2. 1988, segir svo m. a.: „Hann útskrifaðist 13. 6. á almenna legudeild, og þá var hann með fullri meðvitund og hafði engin neurólógísk brottfallseinkenni. Sjúklingur var síðan áfram til athugunar í tvo sólarhringa og útskrifaðist af sjúkrahúsinu 15. 6. '79. Þá var sjúklingur eðlilegur, hafði engar kvartanir, þ. e. a. s. hann hafði ekki höfuðverki, ekki ógleði eða uppköst og engin neurólógísk brottfallseinkenni. Sjúkl. var síðan útskrifaður til síns heima og vísað til heimilislæknis til frekara eftirlits, en jafnframt var lögð á það áhersla við foreldra sjúklings, ef einhver einkenni kæmu fram, að hafa samband við deildina, sem ekki varð.“

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður miklar breytingar hafa orðið á andlegum högum sínum eftir slysið. Skólaganga hafi orðið sér mjög erfið, og árið 1985 hafi hann ekki verið orðinn læs, þrátt fyrir það að mikil vinna og sérkennsla væri viðhöfð. Í byrjun árs 1986 hafi að lokum verið ákveðið í samráði við skólastjóra að leyfa stefnanda að hætta í skóla, þar sem álitíð hafi verið, að

áframhaldandi vinna, a. m. k. um sinn, væri gagnslaus. Í vottorði Sveins Más Gunnarssonar læknis, dags. 30. september 1988, segir m. a.: „Af þeim gögnum, sögu, skoðun og rannsóknum, sem ég hef undir höndum, er ekki hægt að segja, svo að óýggjandi sé, hver ástæða fyrir vanda drengsins er. Að sjálfsögðu er ekki óeðlilegt að ætla, að höfuðáverki drengsins 1979 eigi þarna einhverja sök á, en um það er ekki hægt að fullyrða. Nær sanni mætti e. t. v. komast með nákvæmri taugasálfræðilegri athugun sálfræðings, sem hefði slíkt á valdi sínu.“

Stefnandi kveður Gylfa Ásmundsson sálfræðing hafa rannsakað sig og vísar til niðurstöðu í vottorði hans, dags. 7. október 1988.

Jónas Hallgrímsson prófessor mat örorku stefnanda, og er örorkumatið dags. 10. nóvember 1988. Er niðurstaða matsins þessi: „Eftir því sem næst verður komist, hefur greind Einars stöðvast nálægt á þeim aldri, sem slysið varð 1979. Sálfræðileg rannsókn Gylfa Ásmundssonar bendir til vefrænna skemmda, og er munnleg greind hans núna við mörk vangefni. Rannsóknir og kannanir á högum hans fyrir og eftir slys benda ekki til annars en þess, að um sé að ræða afleiðingar slyssins, enda kom fram, að höfuðkúpubrotið var vinstra megin, og vefrænar skemmdir í heila benda til þess svæðis í heil-anum.

Enda þótt Einar geti stundað verkamannavinnu og ekið bifreið, er ljóst, að hann býr við mjög verndað umhverfi á heimili sínu. Þar sem frekara nám virðist vonlaust fyrir hann og andleg greind hans við vangefnismörk, er ljóst, að honum eru miklar takmarkanir settar, sem í sjálfu sér eru ekki enn komnar fram til fullnustu. Enda þótt Einar eigi vini nú og geti verið í samfélagi við þá, verður að telja horfur á slíku síðar meir þverrandi, þegar vinir hans taka að eignast eigin fjölskyldur, og þá mikil hætta á, að Einar einangrist. Sérstaklega verður að hugsa til þess tíma, þegar hann hættir að njóta stuðnings og hjálpar móður sinnar og þarf að horfast í augu við það að standa einn í lífinu.

Það er skoðun undirritaðs, að Einar muni ekki geta framvegis búið og starfað nema í mjög vernduðu umhverfi. Enn fremur er honum ýmis hætta búin síðar meir, og gerir allt þetta það að verkum, að starfsorka hans telst vera mjög mikið skert.

Ekki er um að ræða tímabundna örorku vegna slyssins, en varanleg örorka er metin 75% frá og með slysdegi.“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað örorkutjón stefnanda, og er útreikningur hans dags. 17. nóvember 1988. Niðurstaða hans er, að þá hafi höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps numið á slysdegi 3.516.300 krónum.

Stefnandi miðar dómkröfur sínar við þennan útreikning.

Stefnandi reiknar miskabætur 3.000.000 kr.

Stefnandi kveður dómkröfur vera hærri en þessi kröfugrundvöllur gerir ráð fyrir, og sé það til þess að ætla fyrir hækkun vegna endurreiknings. Verði það ekki gert með öðrum hætti, þar sem ekki verði um að ræða framhaldsstefnur af fyrningarástaðum.

Stefnandi kveður stefnda hafa verið eiganda og ökumann bifreiðarinnar R-21143, og beri hann ábyrgð á tjóni, sem leiði af notkun hennar samkvæmt 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. l. nr. 40/1968. Þá verði að telja það gáleysi af hálfu stefnda, er hann gætti þess ekki þrátt fyrir viðvaranir, að stefnandi var lokaður inni í bifreiðinni, er hann ók af stað, og beri hann því einnig ábyrgð samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga.

Bifreiðin hafi verið tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Samvinnu-tryggingum gt. Hafi váttryggingarfjárhæð á slysdegi verið 240.000 kr. og félagið greitt þá fjárhæð ásamt vöxtum og kostnaði. Verði því að gera ráð fyrir, að frá bótum, sem stefndi, Guðmundur, kunni að verða dæmdur til að greiða, megi draga þá fjárhæð.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveðst hafa talið, að börnin væru að grínast, þegar þau töluðu um, að drengur væri inni í bifreiðinni, þar sem talsverður galsi og háreysti hafi verið í þeim. Hafi stefndi þá farið inn í stýrishús bifreiðarinnar og ekið hægt af stað. Er hann hafði ekið nokkurn spöl, hafi hann litið aftur í pallhúsið í gegnum glugga á stýrishúsinu, en ekkert séð.

Móts við húsið nr. 2-14 í Torfufelli hafi hann veitt því athygli, að rífa var á afturdyrum pallhússins. Hafi hann þegar stöðvað bifreiðina og gengið aftur fyrir hana. Hafi stefnandi þá legið þar í götunni um það bil tvo metra fyrir aftan bifreiðina. Ekki hafi verið að sjá, að hann hefði skaðast, utan hrúfl á hrygg. Hafi stefndi hlúð að honum, þar til stúlka hafi komið og farið með hann til föður hans. Stefndi kveðst ekki hafa sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn, heldur hið gagnstæða.

Stefndi kveður samkvæmt vottorði Bjarna Hannessonar, dskj. nr. 4, enga blæðingu hafa verið úr eyrum, engin neurólógísk brottfallseinkenni, enga lömun og tilfinningu hafa verið eðlilega.

Stefndi kveður stefnanda hafa verið útskrifaðan af sjúkrahúsi 15. júní 1979. Hafi honum verið vísað til heimilislæknis til frekara eftirlits, en jafnframt verið lögð á það rík áhersla við foreldra hans að hafa samband við deildina, ef einhver einkenni kæmu fram, en það hafi ekki orðið. Það sé síðan ekki fyrr en 3. september 1985, að leitað sé lækni, Sveins Más Gunnarssonar, vegna margháttðra vandkvæða í skóla og utan.

Enn líði og bíði þar til í október 1988, að farið sé með stefnanda í skoðun til sálfræðings, Gylfa Ásmundssonar, í tengslum við örorkumat á dskj. nr. 7.

Stefndi kveðst reisa aðalkröfu sína einkum á því, að það, að stefnandi féll út úr bifreið hans á sínum tíma, geti á engan hátt verið orsök ástands hans nú. Stefnandi hafi því ekki orðið fyrir neinu tjóni af völdum stefnda og því um enga bótaskyldu að ræða, hvorki samkvæmt hlutlægu bótareglunni í 1. mgr. 88. gr. 1. nr. 50/1978, sbr. 1. mgr. 90. gr. s. 1., né almennum skaðabóta-reglum skv. 3. mgr. 90. gr. s. 1.

Þegar stefnandi var fjögurra ára, hafi komið upp vandkvæði, þegar ekki tókst að hafa hann í leikskóla. Komi þetta fram í vottorði Sveins Más læknis á dskj. nr. 5. Slysið hafi orðið 12. júní 1979, er stefnandi var átta ára, en í níu ára bekk. Hann sé fæddur 30. 12. 1970 og sé því ungur í bekk miðað við bekkjarfélaga sína.

Í dskj. nr. 5 segi, að „skólaganga hafi ávallt verið brösótt og hann átt erfitt með nám og erfitt að halda honum að því“. Þegar slysið varð, hafi stefnandi verið búinn að vera þrjú ár í skóla. Flest börn séu orðin vel læs í níu ára bekk, hvers vegna hafi hann aldrei orðið læs?

Í skýrslu barnalæknis á dskj. nr. 5 segi, að stefnandi hafi byrjað skólagöngu sína í Fellaskóla, en síðan verið um tveggja til þriggja ára skeið í skólanum við Dalbraut. Hafi stefnandi verið í þeim skóla, áður en slysið varð.

Hinn 9. janúar 1986 detti stefnandi á skellinöðru og hafi orðið mjög ruglaður og haldinn miklu minnisleysi. Sé það löngu fyrir örorkumatið.

Niðurstaða úr neurólógískri athugun árið 1979 sé eðlileg. Heilalínurit 1988 sé eðlilegt. Skoðun af heilaskurðlækni í janúar 1986 eftir síðara slys sýni eðlilega niðurstöðu. Heilalínurit í febrúar 1986 sýni óbreytt ástand frá 1985. Sneiðmynd af heila 1986: Niðurstaða hennar þurfi ekki að hafa patólógíska þýðingu.

Niðurstaða allra þessara rannsókna sé sú, að ekki sé hægt að fullyrða um orsök á vanda stefnanda.

Rannsókn Gylfa Ásmundssonar sálfræðings á dskj. nr. 6 miði að því að meta greindarskerðingu stefnanda. Á bls. 2 segi sálfræðingurinn, að frekari athugun með taugasálfræðilega prófun þurfi að gera, ef greina ætti nákvæmar, í hverju erfiðleikar hans felist. Ekkert bendi til þess í prófniðurstöðum, að andlegur þroski hafi stöðvast við slysið. Sálfræðingurinn telji hann „virðast“ hafa stöðvast.

Orsök vandamála stefnanda bendi til tilfinningalegra vandamála og örggisleysis í fjölskyldu.

Af framangreindu ætti jafnframt að vera ljóst, að ástand stefnanda geti ekki verið sennileg afleiðing slyssins frá 12. júní 1979.

Stefndi reisir sýknukröfu sína enn fremur á því, að skaðabótakrafa stefnanda sé fyrnd samkvæmt 1. málslíð 99. gr. 1. nr. 50/1987. Lögbornum lög-ráðamönnum stefnanda hefði átt að vera ljóst strax eftir slysið, ef farið væri eftir eigin lýsingum þeirra á ástandi stefnanda, að hann hefði orðið fyrir varanlegu tjóni vegna slyssins.

Það sé ekki fyrr en 3. september 1985, að farið sé með stefnanda til barnalæknis, rúmum sex árum eftir slys. Dráttur og tómlæti í kröfugerð og málshöfðun sé með ólíkindum, sem stefnandi eða lögbornir ábyrgðarmenn hans beri ábyrgð á og geti ekki annað en valdið stefnanda réttarspjöllum. Vaxtakröfu og upphafsdegi vaxtakröfu stefnanda er sérstaklega mótmælt. Áfallnir vextir fram til 9. júní 1985 séu fyrndir. Loks komi fram í gögnum málsins, að stefnandi hafi undanfarin ár unnið fulla vinnu og ekki sé annað að sjá en framhald verði á því. Starfsorka hans virðist því hafa verið með öllu óskert. Hafi hann því hvorki orðið né verði framvegis fyrir neinu fjárhagstjóni vegna örorku sinnar.

Varakrafa stefnda.

Varakröfu sína reisir stefndi á eftirfarandi atriðum:

1. Stefnandi eigi sjálfur sök á slysinu að verulegu leyti. Þótt ungur væri, hafi hann mátt gera sér ljóst, að með því að þríla inn í pallhús sendibifreiðarinnar væri mikil hætta á, að stefnandi veitti því ekki athygli, sem og hafi orðið raunin, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, ef hann reyndi að komast út, eftir að stefnandi hafði ekið af stað (sic í gr.). Sama dag og slysið varð hafi tveir lögreglumenn komið til stefnanda og athugað, hvort hljóð bærisk út úr bifreiðinni, en það hafi verið nánast ekkert og því ógerlegt fyrir stefnda að vita af stefnanda inni í pallhúsinu.

2. Alllöngu áður en örorka stefnanda sé metin, 9. janúar 1986, detti stefnandi af léttbifhjóli, og hafi ástand hans þá versnað til muna, og ætti því að vera ljóst, að verulegur hluti hinnar miklu örorku stefnanda stafi af þessu slysi, sem stefndi beri enga bótaábyrgð á.

3. Starfsorka stefnanda hafi skerst óverulega. Hann vinni og hafi, frá því að hann hætti skólanámi, unnið fulla vinnu.

Stefnandi hafi þegar fengið greiddar skaðabætur frá Samvinnutryggingum gt., þar sem bifreið stefnda var tryggt lögbodinni ábyrgðartryggingu, er félagið hafi greitt lögmanni stefnanda með fyrirvara 12. júní 1989 skv. dskj. nr. 16.

4. Lögmaður stefnanda hafi að beiðni lögmanns stefnda og Samvinnutrygginga gt. látið meta örorku stefnanda hjá Tryggingastofnun ríkisins með tilliti til greiðslu, sem stefnandi eigi rétt á þaðan vegna örorku sinnar. Hafi

eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris numið 412.900 krónum skv. upplýsingum lögmanns stefnanda í maí 1989. Beri að draga eingreiðsluverðmætið frá við ákvörðun bóta.

Um málskostnað vísar stefndi til XII. kafla l. nr. 85/1936, einkum 175. og 177. gr., sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988.

Örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis og þeim læknis- og taugasálfræðingsvottorðum, sem örorkumatið sé reist á, er mótmælt sérstaklega og bornar brigður á réttmæti þeirra. Ekkert tillit sé tekið til síðara slyss, sem stefnandi varð fyrir 9. janúar 1986, en telja megi víst, að varanleg örorka hafi hlotist af því.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Fallast má á það með stefnanda, að stefndi hafi sýnt af sér verulegt gáleysi, þegar hann ók bifreið sinni af stað án þess að kanna, hvort barn væri inni í pallhúsi hennar, þrátt fyrir viðvaranir félaga drengsins, sem stefndi viðurkennir að hafa heyrt. Er þeirri málsástæðu stefnda hafnað, að stefnandi beri sjálfur meðábyrgð á slysinu, með því að hann hafi mátt gera sér grein fyrir því, að honum gæti stafað hættu af því að fara inn í bifreiðina til þess að sækja þangað leikhring sinn. Ber stefndi því einn ábyrgð á þeim afleiðingum, sem af þessu gáleysi hans hlaut, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga, jafnframt því sem hann ber ábyrgð skv. 67. gr. og 1. mgr. 69. gr. s. 1.

Komið hefur fram í málinu, að stefnandi lenti í vélhjólaslysi í janúar 1986, en telja verður upplýst, að það slys hafi ekki haft úrslitaáhrif á þroska- skerðingu hans, sem mun hafa verið komin fram fyrir þann tíma.

Í gögnum málsins liggja ekki fyrir niðurstöður neinna rannsókna eða kannana á högum stefnanda fyrir slys nema einkunnabækur úr 1. og 2. bekk grunnskóla (nú 2. og 3. bekkur grunnskóla) auk lýsinga móður stefnanda á ástandi hans. Liggur fyrir, að stefnandi hafði lokið þriggja ára skólagöngu, þegar slysið varð, þ. e. 6 ára bekk auk fyrstu tveggja bekkja grunnskólans. Einkunnabækur stefnanda bera með sér, að hann er með einkunnina 1 í lestri eftir þessa þrjá vetur í skóla þrátt fyrir það, sem fram hefur komið, að hann naut stuðningskennslu í lestri þessi ár vegna lestrarörðugleika. Er það mat hinna sérfróðu meðdómsmanna, að einkunnin 1 í lestri á þessu stigi beri vott um, að barnið hafi verið ólæst.

Samkvæmt skjölum málsins virðist stefnandi leita fyrst til læknis eftir slysið í september 1985 og þá vegna námsörðugleika í skóla, sbr. dskj. nr. 5, læknisvottorð Sveins Más Gunnarssonar, dags. 30. 9. 1988. Rekur læknirinn ástand stefnanda og sjúkrasögu í vottorði sínu samkvæmt þeim gögnum, sem til voru um stefnanda, auk þess sem hann styðst við frásögn móður

hans. Er niðurstaða hans sú, að ekki sé unnt að segja, svo að óyggjandi sé, hver sé ástæða fyrir vanda drengsins, og bendir jafnframt á, að nær sanni mætti e. t. v. komast með nákvæmri taugasálfræðilegri athugun sálfræðings, sem hefði slíkt á valdi sínu.

Í álitargerð Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, sem prófaði stefnanda árið 1988, dskj. nr. 6, segir svo m. a.:

„Eftirfarandi sálfræðileg próf voru lögð fyrir:
Wechslers greindarpróf fyrir fullorðna (WAIS),
Raven Standard Progressive Matrices 1938,
Bender Motor Gestalt, skynhreyfipróf.

Wechsler:

Munnlegi hlutinn	Mælitala	Verklegi hlutinn	Mælitala
Þekking	3	Talnatákn	6
Skilningur	5	Ófullgerðar myndir	11
Reikningur	7	Litafletir	14
Líkingar	7	Myndaröðun	13
Minni	2	Hlutaröðun	16
Orðaforði	1		
		Samtals	60
Samtals	25	Grv. 115.	

Grv. 71.

Greindarvísitala alls prófsins, 89.

Almenn starfhæf greind er því nokkuð undir meðallagi. Það, sem skiptir hins vegar máli, er hinn óhemjumikli munur á milli frammistöðu í munnlega og verklega hlutanum. Í munnlega hlutanum er hann langt niðri við van-gefnismörk, en í verklega hlutanum er greind hans langt yfir meðallag. Enginn vafi getur leikið á því, að þessi mikli munur stafi af vefrænum truflunum eða sköddun í heila, sem þó kemur aðeins fram á afmörkuðu sviði. Eðlisgreind hans er að líkindum talsvert yfir meðallag í samræmi við niðurstöðu verklega hlutans, en munnleg eða yrt (verbal) greind er skert sem nemur þessum mun, 40-50 greindarstigum. Skerðing á munnlegri greind kemur heim og saman við sköddun á vinstra heilahveli, enda er Einar rétt-hentur, og líklegt er, að sköddun sé á mjög afmörkuðu sviði, þar eð verkleg og skynræn greind virðist óskert. Allir þættir munnlegrar greindar eru skertir, en þó mest orðskilningur, skammtíaminni og þekking. Við athugun kom í ljós, að Einar getur tæpast lesið og á einnig í erfiðleikum með skrift. Þótt frammistaða í prófinu byggist á engan hátt á lestri eða skrift, má ætla, að sköddun, sem hefur komið í veg fyrir, að þessir hæfileikar fengju

að þjálfast, hafi valdið því, að hann hefur ekki getað tileinkað sér þekkingu og skilning, sem byggist á orðum og hugtökum, á sama hátt og aðrir. Einar virðist vera haldinn takmarkaðri aphasiu, sem einkum birtist í truflunum á hæfileikanum til að lesa og skrifa og skilja orð og hugtök. Frekari athugun með taugasálfræðilegum prófum þyrfti að gera, ef greina ætti nákvæmar, í hverju erfiðleikar hans felast.

Raven Progressive Matrices:

Prófið mælir ályktunarhæfni og dómgreind út frá skynrænum verkefnum, og niðurstöður þess hafa allgóða fylgni við Wechslers-prófið, einkum verklega hluta þess. Prófið er því lagt fyrir hér til samanburðar. Niðurstaða úr prófi Einars var 46 stig, sem er yfir meðallag fyrir aldur. Ekki kom fram misræmi í úrlausnum, sem bentu til sérstakra truflana á þessu sviði. Prófið staðfestir, að Einar sé að eðlisfari yfir meðallag að greind og að dómgreind hans á skynrænum forsendum sé lítið eða ekki skert.

Bender-Gestalt:

Prófaði er látinn teikna einfaldar geometrískar myndir eftir fyrirmynd. Það er næmt fyrir truflunum í skynjun og fínhyfingum, sem eiga sér vefrænar orsakir í heila. Teikningar Einars eru þokkalega gerðar, form þeirra rétt, og hvergi vottar fyrir titringi í línugerð eða óvissu í útfærslu. Ekkert bendir því til vefrænna truflana á formskyni eða fínhyfingum, og er það í samræmi við niðurstöður beggja áðurnefndra prófa.

Niðurstöður:

Einar Björn Guðmundsson er sautján ára piltur, sem slasaðist alvarlega á höfði níu ára gamall. Greindarþroski hann virtist stöðvast eftir slysið, og skólaganga fór út um þúfur. Rannsókn sú, sem hér er gerð, sýnir, að Einar er að eðlisfari vel greindur, og verkleg greind er langt yfir meðallag. Hins vegar kemur fram mikil og greinileg truflun á munnlegri (verbal) greind, sem mælist við mörk vangefni. Truflanir þessar virðast bundnar við skilning hans á orðum og hugtökum, en einkum inntöku og útfærslu ritaðs máls, enda getur hann ekki lesið og er naumast skrifandi. Minnisviðd hans er einnig mjög lítil. Þetta hefur hindrað greindarfarslegan þroska hans í víðara samhengi og komið í veg fyrir skólanám.“

Jónas Hallgrímsson læknir mat örorku stefnanda varanlega 75% frá slysdegi. Er í mati hans að mestu farið eftir framangreindum vottorðum Bjarna Hannessonar læknis, Sveins Mús Gunnarssonar læknis og Gylfa Ásmundssonar sálfræðings, en einnig viðtali við stefnanda og móður hans. Hefur læknirinn þar m. a. eftir móður stefnanda, að ekkert hafi komið fram fyrir slys, sem benti til þess, að stefnandi ætti erfitt með nám. Af gögnum þess-

um og upplýsingum ályktar lækirinn síðan, að greind stefnanda hafi stöðvast „nálægt á þeim aldri, sem slysið varð 1979“, og kveður hann rannsókn Gylfa Ásmundssonar benda til vefrænna skemmda. Segir svo í niðurstöðu læknisins m. a.: „Rannsóknir og kannanir á högum hans fyrir og eftir slys benda ekki til annars en þess, að um sé að ræða afleiðingar slyssins, enda kom fram, að höfuðkúpubrotið var vinstra megin og vefrænar skemmdir í heila benda til þess svæðis í heilanum.“

Af örorkumatinu verður ráðið, að niðurstöður Gylfa Ásmundssonar sálfræðings úr Wechslers-greindarprófinu (WISC) hafi haft höfuðvægi við örorkumatið, en af skýrslu Gylfa Ásmundssonar verður ekki ráðið, að hann hafi haft upplýsingar um ólæsi stefnanda fyrir slys, þegar hann túlkaði niðurstöður prófsins.

Þá virðist enn fremur ljóst, að lækirinn hafði ekki upplýsingar um þá lestrarörðugleika, sem stefnandi átti við að stríða fyrir slys, og virðist það hafa haft áhrif á þá ályktun hans, hvenær hann telur greind stefnanda hafa stöðvast.

Hinn 22. mars 1990 var málið sent Læknaráði til umsagnar. Var fjallað um málið á fundi réttarmáladeildar ráðsins 26. apríl 1990. Óundirrituð niðurstaða ráðsins er dagsett 19. júní 1991, og barst hún dómara málsins vorið 1992. Var sú skýrsla send Læknaráði að nýju til staðfestingar, og barst staðfest álitserð dóminum í október 1992. Liggur niðurstaða réttarmáladeildar Læknaráðs fyrir á dskj. nr. 28. Er niðurstaðan þessi:

1. sp.: Má ætla, að örorka sóknaraðila sé afleiðing slyssins frá 9. janúar 1986?

Svar: „Nei. Sóknaraðili datt í götuna, en meiddi sig ekki sjáanlega. Hann var þó leiddur heim vegna rugls og minnisleysis og lagður á Borgarspítalann í einn sólarhring. Ekki kemur fram í gögnum málsins, að hann hafi breyst neitt eftir þetta áfall. Sérstaklega er tekið fram í vottorði Sveins Mäs Gunnarssonar læknis, að heilarit, sem tekið var sex vikum eftir slysið, sé nánast óbreytt frá heilariti, sem tekið var fjórum mánuðum fyrir slys.“

2. sp.: Má ætla, að örorka sóknaraðila geti stafað af andlegum eða tilfinningalegum misþroska af öðrum orsökum en slysinu frá 12. júní 1979?

Svar: „Samkvæmt ljósriti af einkunnablöðum fyrstu tvo vetur sóknaraðila í barnaskóla, þ. e. áður en hann varð fyrir slysinu, hefur lestrargeta hans verið lítil. Á öðru vottorðinu er þess getið, að hann vinni hægt og fylgist ekki með í lestri. Í vottorði Jónasar Hallgrímssonar er þess getið, að reynt hafi verið að hafa drenginn í leikskóla frá fjögurra ára aldri, en aldrei tekist að fá hann til að sættast við dvöl þar og því gefist upp á leikskólaveru. Þessar upplýsingar gefa ekki tilefni til að ætla, að örorka sóknaraðila stafi af „andlegum eða tilfinningalegum misþroska“ fyrir slys“.

3. sp.: Er unnt að fullyrða, að örorka sóknaraðila sé afleiðing af slysinu frá 12. júní 1979?

Svar: „Ekki er unnt að fullyrða, að örorka sóknaraðila sé afleiðing af slysinu 12. júní 1979, þó að það sé mjög líklegt skv. þeim gögnum, sem liggja fyrir. Áverkinn var mjög verulegur, eins og fram kemur í vottorði Bjarna Hannessonar, slæmur heilahristingur með höfuðkúpubroti í vinstra parieto-frontal-svæði. Auk meðvitundartruflana, sem voru áberandi við komu á slysadeild, var hægra ljósop aðeins víðara en það vinstra, en hvort tveggja bendir til verulegs heilaáverka. Eftir slysið bar mikið á hræðslu og öryggisleysi. Munur á einstökum þáttum í sálfræðiþrófum, sem Gylfi Ásmundsson sálfræðingur lagði fyrir sóknaraðila, bendir til þess, að um sé að ræða vefrænar skemmdir í heila, sem líklega séu aðallega staðsettar á vinstra heilahveli, þ. e. sömum megin og höfuðkúpubrotið var.“

4. sp.: Fellst Læknaráð á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar lækni, og sé þá ekki innifalin ætluð örorka sóknaraðila vegna slyssins frá 9. janúar 1986?

Svar: „Læknaráð fellst á, að örorka sóknaraðila sé 75%, eins og segir í vottorði Jónasar Hallgrímssonar.“

5. sp.: Ef Læknaráð fellst ekki á örorkumatið, hvert er þá mat þess á örorku sóknaraðila vegna slyssins frá 12. júní 1979?

Svar: „Sjá Ad. 4.“

Ekki liggur fyrir í gögnum málsins, að taugasálfræðileg próf hafi verið gerð á stefnanda, svo sem lagt er til í álitserðum Sveins Más Gunnarssonar lækni og Gylfa Ásmundssonar sálfræðings.

Hinn sérfróði meðdómsmaður í taugasálfræði kveður Wechslers-greindarpróf vera hæginn mælikvarði á vefrænan heilaskaða eða truflun á heilastarfi nema því aðeins, að þau séu túlkuð á „kvalitatífan“ hátt, þ. e. a. s., að skoðað sé, hvernig viðkomandi fer að við lausn verkefnanna, en ekki aðeins litið á heildarútkomu í stigum. Er gildi Wechslers-greindarprófa aðallega bundið við þann upprunalega tilgang þeirra að segja fyrir um námsgetu eða frammistöðu í skóla. Innbyrðis samanburður ýmissa atriða í einstökum prófþáttum er einnig mikilvægur, eigi að túlka niðurstöður taugasálfræðilega. Taugasálfræðingar vara við þeirri einföldu túlkun á Wechslers-prófunum, sem gerir ráð fyrir því, að munnlegi hlutinn sé bundinn við starf vinstra heilahvels og verklegi hlutinn við starf hins hæggra. Varhugavert sé því að draga af tölulegri útkomu prófanna einni saman ályktanir um starf þessara tveggja heilahvela.

Frá taugasálfræðilegu sjónarmiði má túlka það misræmi, sem er á milli munnlegra og verklegra þátta hjá Einari í WISC-prófinu, á eftirfarandi hátt:

1. Þeir munnlegu þættir, sem svo mjög draga heildarútkomu Einars niður

í þessum hluta, eru „þekking“, „minni“ og „orðaforði“. „Þekking“ og „orðaforði“ eru þeir þættir Wechslers-prófsins, sem eru hvað síst viðkvæmir fyrir áunnum heilaskaða. Jafnvel hjá fólki með langt gengna heilabilun er frammistaða í þessum þáttum oft nánast eðlileg. Þeir eru því gjarnan notaðir til að gefa upplýsingar um fyrra ástand og getu (premorbid ástand) og eru notaðir til viðmiðunar við þá þætti, sem eru viðkvæmir fyrir áunnum heilaskaða, eins og t. d. margir af verklegu þáttunum. Slíkur samanburður getur því gefið upplýsingar um, hvort andleg hrörnun eða áunninn heilaskaði hafi orðið. „Þekking“ og „orðaforði“ eru þeir þættir, sem byggjast mjög á uppfræðslu og málþroska í frumbersku. Þegar þessir þættir eru sérstaklega lágir hjá börnum miðað við aðra WISC-þætti, er stundum talað um andlega/vitræna vanrækslu af hálfu umhverfisins í uppeldi barnsins. „Minni“, öðru nafni „tálnaröð“, er einn af þeim þáttum í Wechsler, sem er næmur fyrir kvíða, spennu og einbeitingarskort. „Tálnatákn“ í verklega hlutanum eru einnig næm fyrir þessum þáttum, enda er niðurstaða Einars þar ekki í samræmi við aðra verklega þætti.

2. Það munnlega/verklega misræmi, sem Einar sýnir í WISC, er ein-kennandi fyrir lesblinda einstaklinga.

Séu WISC-niðurstöður stefnanda túlkaðar enn frekar í ljósi skóla- og félags sögu hans, leshelti hans og þeirra líffræðilegu upplýsinga, sem liggja fyrir í gögnum, fæst eftirfarandi niðurstaða:

1. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, má ætla, að auk lestrarerfiðleika Einars hafi hann einnig átt við einbeitingarerfiðleika og hegðunarvandamál að stríða. Frammistaða hans í ákveðnum WISC-þáttum (minni, tálnatákn) styður þá ályktun, að hann eigi erfitt með einbeitingu. Dvöl hans í skóla Barna- og unglingageðdeildar við Dalbraut bendir til þess, að hann hafi auk námserfiðleika átt við einbeitingar- og/eða hegðunarvandamál að stríða, en upplýsingar skortir í málinu um veru hans þar og ástæðu hennar.

2. Eins og áður er lýst, getur leshelti Einars skýrt WISC-misræmið að miklu leyti. Verður það að teljast hafið yfir allan vafa, að alvarlegir lestrar-örðugleikar stefnanda eru til komnir löngu fyrir slys og koma í ljós þegar í 1. bekk grunnskóla. Hér er því um fötlun tengda þroska að ræða. Rannsóknir sýna, svo að ekki verður um villst, að alvarleg lesblinda á sér líffræðilegar orsakir, sem ýmist eru tengdar truflun á starfi vinstra eða hægri heilahvels. Gylfi Ásmundsson getur þess í skýrslu sinni, dskj. nr. 6, að enginn vafi geti leikið á því, að þessi mikli munur (WISC-munnleg/verkleg greind) stafi af vefrænum truflunum eða sköddun í heila. Þessi fullyrðing Gylfa er í fullu samræmi við rannsóknir á dyslexíu. Hún styður hins vegar

ekki þau ummæli Jónasar Hallgrímssonar í örorkumatinu, að andlegur þroski Einars hafi stöðvast „við slysið“ og að skólaganga hans hafi „síðan verið árangurslítill“.

3. Ef hinn mikli munur, sem fram kemur á milli munnlegra og verklegra þátta í WISC-greindarprófinu, ætti sér vefrænar orsakir og bæri vott um áunninn heilaskaða, focal vinstra hvels heilaskaða, er afar ólíklegt, að hann kæmi ekki fram í hliðarmun á heilariti eða öðrum nevrólógískum einkennum. Ef Einar hefði hlotið varanlegan heilaskaða við slysið, sem gæti samræmst eðlilegu heilariti og skorti á nevrólógískum einkennum, væri WISC-mynstur hans trúlega öðruvísi. Þá myndi líklega vera um „diffuse“ eða óstaðbundnar truflanir að ræða, sem kæmu einnig fram í hinum verklega hluta WISC-prófsins.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn, að ekkert hafi komið fram um það, að námsörðugleikar stefnanda eða önnur þroskafrávik hans verði rak-in til slyssins 12. júní 1979, heldur hafi þessir þættir verið fyrir slysið. Þá sýna röntgenmyndir, heilalínurit og aðrar rannsóknir, sem gerðar voru á stefnda bæði fyrst eftir slys og síðar, ekki merki um heilaskaða, sem hefði getað leitt til þess, að sönnunarbyrði færdist yfir á stefnda. Í vottorði Bjarna Hannessonar læknis kemur fram, að stefnandi leitaði aldrei til sjúkrahússins vegna afleiðinga slyssins, eftir að hann var útskrifaður þaðan. Ekki liggja heldur fyrir nein gögn í málinu um það, að hann hafi haft samband við heimilislækni til eftirlits. Af hálfu foreldra stefnanda var þetta skýrt að nokkru fyrir dómi þannig, að þau hefðu farið með drenginn til Færeyja um sumarið og dvalist þar nokkra mánuði. Engin gögn hafa hins verið lögð fram í málinu um það, að hann hafi leitað til læknis í Færeyjum vegna óþæginda, sem rekja mætti til slyssins eða verið þar í eftirliti.

Ekki er fallist á niðurstöður Læknaráðs á dskj. nr. 28, þar sem ráðið telur líklegt, þótt ekki sé unnt að fullyrða það, að örorka stefnanda sé afleiðing af slysinu 12. júní 1979. Þá virðist niðurstaða Læknaráðs í lið 2 vera í ósamræmi við þau rök, sem hún byggist á, en eins og að framan greinir, telur dómurinn þvert á móti, að þær upplýsingar, sem þar eru raktar og á er byggt, ásamt öðrum upplýsingum í málinu bendi til þess, að þroskaskerðing hafi verið til staðar fyrir slysið. Þess ber þó að geta, að spurt var, hvort örorka sóknaraðila gæti stafað af andlegum eða tilfinningalegum misþroska af öðrum orsökum en slysinu frá 12. júní 1979. Í svari Læknaráðs er því hafnað, en ekki tekið á því, hvort örorkan gæti stafað af misþroska, sem ætti sér líffræðilegar orsakir af öðrum orsökum en umræddu slysi.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn ásamt meðdómsmönnum dr. Sigurði Thorlacius lækni, sérfræðingi í taugasjúkdómum, og dr. Þuríði Jónsdóttur taugasálfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Freyr Halldórsson, Faxatúni 16, Garðabæ, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Einars Björns Guðmundssonar, Barrholti 35, Mosfellsbæ.

Málskostnaður fellur niður.
